



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

SAMÞYKKT UM SAMSTARF VIÐ SKÓLAMÁLARÁÐ KÍ UM EFLINGU LIST- OG VERKGREINA

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 telur brýnt að taka þátt og styðja við störf skólamálaráðs KÍ við að efla og auka vægi list- og verknáms í menntun nemenda.

Nemendur eiga rétt á skapandi námsumhverfi og skólastarfi þar sem lögð er áhersla á nám og kennslu við hæfi hvers og eins með fjölbreyttum viðfangsefnum og kennsluaðferðum.

List- og verknám á að vera sjálfsagður þáttur í skipulagi skólastarfs, mati og umbótum og tryggja þarf að farið sé eftir viðmiðum námskrár um menntun nemenda.

Sjöundi aðalfundur FG leggur áherslu á að það sé gert í samstarfi við kennara og skóla og með því að taka virkan þátt í mótun og samræðum við mennta- og menningarmálaráðherra, menntunarstofnanir list- og verkgreinakennara, stjórnvöld og rekstraraðila og skólastjórnendur.

Aðalfundur FG hvetur til frumkvæðis stjórnar og skólamálanefndar FG að samvinnu við skólamálaráð KÍ um að efla og auka vægi list- og verknáms í skólakerfinu.